

**434. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 23. nóvember 2011 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Dagskrá:

1. **1111005F - [Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 64](#)**
3. töluliður tekinn út til afgreiðslu og hreppsnefnd samþykkir að auglýsa eftir starfsmanni í 20% stöðu við félagsmiðstöðina frá og með áramótum. Samþykkt samhljóða.
2. **1111007F - [Húsnæðisnefnd - 16](#)**
Fundargerðin staðfest. Samþykkt samhljóða.
3. **1111021 - Heilbrigðiseftirl Vestfj - fundargerð 4. nóvember 2011.**
Fjárhagsáætlun og gjaldskrá heilbrigðiseftirlits samþykkt með 4 atkvæðum. Ásgeir lýsti sig vanhæfan við afgreiðslu málsins.
4. **1110061 - Fjórðungssamband Vestfirðinga fundargerðir stjórnar.**
Lagt fram til kynningar.
5. **1111039 - Endurskoðuð fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2011**
Oddviti lagði fram aðalbók til 11. nóvember og minnisblað með þeim atriðum sem hefur verið vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar á árinu, yfirlit frá jöfnunarsjóðium framlög sjóðsins og staðgreiðsluáætlun frá Sambandi Ísl. sveitarfélaga. Endurskoðuð fjárhagsáætlun verður lögð fram tilsamþykktar á næsta fundi hreppsnefndar. Samþykkt samhljóða.
6. **1111038 - Ákvörðun útsvarshlutfalls 2012**
Hreppsnefnd samþykkir að útsvarshlutfall árið 2012 verði leyfilegt hámarksútsvar, þannig að álagningarhlutfall verði 14,48%. Samþykkt samhljóða.
7. **1111047 - Fjórðungssb Vestf - Aukabætur um stoðkerfi atvinnu og byggða, þann 25. nóv nk**
Kjörbréf kjörinna fulltrúa, Eyrúnar Ingibjargar Sigbórsdóttur og Birnu S. Benediktsdóttur liggur fyrir fundinum. Samþykkt samhljóða.
8. **1110088 - Íslenska Gámafélagið - Sorphirðumál í Tálknafirði - niðurstaða útboðs.**
Lögmanni sveitarfélagsins falið að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.

9. **1111017 - Hagstofa Ísl. - Mann- og húsnæðistal 2011.**
Samþykkt að vinna að málinu. Samþykkt samhljóða.
10. **1109089 - Velferðarráðuneytið - aðgerðaáætlun sveitarfélaga.**
Erindið er í vinnslu hjá félagsmálastjóra. Samþykkt samhljóða.
11. **1111019 - Innanríkisráðuneytið - Lálendisleið á sunnanverðum Vestfjörðum.**
Lagt fram tilkynningar.
12. **1111044 - Snorraverkefnið - stuðningur sumarið 2012**
Erindinu hafnað. Samþykkt samhljóða.
13. **1111043 - Stígamót - fjárbeiðni árið 2012**
Erindinu hafnað. Samþykkt samhljóða.
14. **1111023 - Umhverfisráðuneytið - Skipulagsreglugerð - umsögn.**
Vísað til bygginganefndar. Samþykkt samhljóða.
15. **1111022 - Velferðarráðuneytið - Öryggi barna hjá dagforeldrum.**
Sent félagsmálanefnd til kynningar. Samþykkt samhljóða.
16. **1111010 - Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012**
Oddvita var falið að svara erindi ráðuneytisins og fyrir fundinum liggur svarbréfið dags. 6. nóvember. Samþykkt samhljóða.
17. **1110079 - Umhverfisráðuneytið - br á lögum 106/2000 um mat á umhverfisáhr - umsögn.**
Umsagnarfresturinn er liðinn.
18. **1110078 - Brunabótafélag Íslands - Aðalfundur fulltrúaráðs EBÍ**
Lagt fram til kynningar.
19. **1111020 - Guðjón Indriða ofl - stöðuleyfi fyrir Jón Júlí BA-157.**
Erindið heyrir undir umhverfis- og skipulagsnefnd og hafnarnefnd. Ásgeir Jónsson leggur til að stöðuleyfi verði veitt til þriggja mánaða meðan frekari gagna er aflað. Samþykkt með 4 atkvæðum gegn einu að vísa þessu til umhverfis- og skipulagsnefndar.
20. **1110070 - Umhverfisstofnun - Tilnefning fulltrúa í vatnasvæðisnefnd.**
Erindið heyrir undir umhverfis- og skipulagsnefnd.
21. **1111065 - Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan 238.mál.**
Hreppnefnd Tálknafjarðarhrepps tekur undir bókun bæjaráðs Vesturbyggðar á 602. fundi, sem haldinn var 29. mars 2011 og mótmælir yfirgangi einstakra þingmanna gagnvart sjálfræðisrétti og skipulagsvaldi sveitarfélaga og slík framkoma gengur þvert á vilja stjórnvalda á sveitarstjórnarstigi sem og hjá framkvæmdavaldi að stunda samráð á öllum stigum. Samþykkt samhljóða.

22. 1111062 - Skólastjóri Tálknafjarðarskóla tillaga um fjölgun sérkennslustunda skólaárið 2011-2012

Hreppsnefnd samþykkir að heildarkennslustundafjöldi fari úr 133 í 138 st. vegna sérkennslu. Samþykkt samhljóða.

23. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Lagður fram verksamningur vegna borstæðis í landi Litla-Laugardals, verksali Allt í járnum ehf, samningsupphæð kr. 762.000.- m/vsk.

Stofnfundur Sambands orkusveitarfélaga 25. nóv., en rétt til aðildar eiga þau sveitarfélög sem framleiða u.þ.b 50 GWh á ári.

Minnt var á kynningarfund um evrópsk byggðamál sem haldinn verður 24. nóvember í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:50

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____